

**Ed.**

## **368. Lög**

um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl).

### **1. gr.**

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malar-taka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnar-gerða eða annara mannvirkja.

### **2. gr.**

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til heggja handa meðfram fjöru.

### **3. gr.**

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofan-greind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hrepps-nefndar. Slikt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þyk-ir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamála-stjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að aug-lýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

### **4. gr.**

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.